

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Stefnis hf. („Stefnir“) vegna ársins 2025 var haldinn 25. mars 2026 að heimili félagsins, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Fundurinn hófst kl. 13:00.

1. Setning fundar og kjör fundarstjóra

Jón Finnbogason, framkvæmdastjóri Stefnis, setti aðalfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Þröstur Ríkharðsson lögmaður yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt einróma.

Kjör fundarritara og fundur lýstur lögmaður

Þröstur tók við stjórn fundarins og lagði til að Kristbjörg M. Kristinsdóttir, yrði kjörin fundarritari og var það samþykkt. Fundarritari tók þá þegar til við fundarritun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og tiltók að til fundarins hefði verið boðað með tilkynningu til hluthafa félagsins í samræmi við 88. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og 7. gr. samþykka félagsins þann 4. mars 2026. Sama dag var fundarboðun send til endurskoðanda félagsins.

Til fundarins væri mætt af hálfu hluthafa sem fara með alla hluti í félaginu á grundvelli fyrirliggjandi umboða. Fundurinn væri því lögmaður aðalfundur.

Fyrir fundinum lá samantekt stjórnar Stefnis um hlutfjáreign hluthafa og atkvæðisrétt þeirra, sbr. 4. mgr. 84. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Dagskrá fundarins

2. Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið ár var lögð fram án athugasemda.

3. Staðfesting ársreiknings

Fundarstjóri lagði fyrir fundinn tillögu um staðfestingu ársreiknings vegna ársins 2025.

Fulltrúa hluthafa var gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna en enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Fundarstjóri bar ársreikning Stefnis upp til samþykktar og var hann samþykktur.

4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar

Fundarstjóri lagði tillögu stjórnar um ráðstöfun hagnaðar fyrir fundinn. Gerð var tillaga um arðgreiðslu að fjárhæð 850 milljónir króna.

Fulltrúa hluthafa var gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna en enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Fundarstjóri bar tillöguna síðan undir atkvæði og var hún samþykkt.

6. Kosning stjórnar félagsins

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt samþykktum félagsins bæri að kjósa stjórn á aðalfundi. Í fundargögnunum væri að finna nöfn þeirra einstaklinga sem hefðu boðið sig fram til setu í stjórn félagsins.

Eftirfarandi einstaklingar buðu sig fram til setu í aðalstjórn félagsins:

Hrefna Sigfinnsdóttir, kt. kt. 230969-5239;

Kristín María Dýrfjörð, kt. 140882-7209; og

Jón Óttar Birgisson, kt. 090474-4059.

Sjálfkjörið var í stjórn félagsins.

7. Staðfesting endurskoðenda félagsins

Fundarstjóri bar upp tillögu þess efnis að Deloitte ehf. haldi áfram hlutverki sínu sem ytri endurskoðandi Stefnis fram að næsta aðalfundi. Byggir sú tillaga á samningi milli Stefnis og Deloitte ehf. frá 2024 og 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Fundarstjóri gaf því næst fulltrúa hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna. Enginn tók til máls og var gengið til atkvæða um tillöguna og hún samþykkt.

8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að starfskjarastefna félagsins verði uppfærð og samþykkt eins og hún lá fyrir fundinum.

Í greinargerð með tillögu stjórnar kom m.a. fram að gerðar væru smávægilegar breytingar á orðalagi starfskjarastefnu til að samræma enn frekar orðalag hennar að ákvæðum 21. gr. a laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og 17. gr. a laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóð, m.a. að bæta inn að starfskjarastefnan samræmist „viðskiptaáætlun“ Stefnis til samræmis við orðalag fyrrgreindra laga og eftirfarandi setningu: „*Að auki skal við ákvörðun launa og annarra starfskjara gæta að því að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til þess að forðast hagsmunaárekstra.*“ til að taka af öll tvímæli að gætt sé að því að starfskjör starfsfólks leiði ekki til hagsmunaárekstra. Þá var sett inn smávægileg leiðrétting á tilvísun til laga um fjármálafyrirtæki og laga um verðbréfasjóði.

Fundarstjóri gaf því næst fulltrúa hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna. Enginn tók til máls og bar fundarstjóri hana upp til samþykktar. Var tillaga stjórnar að breytingum á starfskjarastefnu samþykkt.

9. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Því næst bar fundarstjóri upp eftirfarandi tillögu um laun stjórnarmanna og varamanna í stjórn:

Gerð er sú tillaga að almennir stjórnarmenn fái greiddar 414.000 kr. á mánuði fyrir störf sín og að stjórnarformaður fái greiddar 827.000 kr. á mánuði. Nefndarmenn undirnefnda fái greiddar 174.200 kr. á mánuði fyrir setu sína í undirnefndum, óháð fjölda nefnda.

Fundarstjóri gaf fulltrúa hluthafa tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Ekki var óskað eftir því og var því gengið til atkvæða um tillöguna og hún samþykkt.

10. Önnur mál löglega borin fram

Fundarstjóri spurði hvort viðstaddir kysu að bera upp önnur mál.

Af hálfu hluthafa var stjórn félagsins þakkað fyrir góða vinnu á síðastliðnu ári.

Ekki var óskað eftir því að bera upp önnur mál.

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til handa fundarritara og fundarstjóra til að ganga frá fundargerð eftir fundinn.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri aðalfundi Stefnis árið 2026 slitið kl. 13:15.

Reykjavík, 25. mars 2026

Þröstur Ríkharðsson
fundarstjóri

Kristbjörg M Kristinsdóttir
fundarritari

Undirritunarsíða

Þróstur Ríkhafsson

Kristbjörg M Kristinsdóttir